

Kópavogi, 8. janúar 2019.

Ágæti skólastjóri.

Undirbúningur samræmdra könnunarprófa í 9. bekk stendur yfir en prófin verða lögð fyrir í mars. Í upphafi árs er rétt að minnst á dagsetningar prófanna en prófdagar verða sem hér segir:

| Vikudagur: | Dagsetning: | Námshgrein: |
|--------------|-------------|----------------|
| Mánudagur | 11. mars | Íslenska |
| Þriðjudagur | 12. mars | Stærðfræði |
| Miðvikudagur | 13. mars | Enska |
| Þriðjudagur | 19. mars | Varaprófdagur* |
| Miðvikudagur | 20. mars | Varaprófdagur* |

Varaprófdagar skulu eingöngu notaðir ef upp koma alvarleg tæknileg vandamál sem rekja má til prófakerfis.

Menntamálastofnun hvetur nemendur, kennara og foreldra til að skoða [kynningarpróf](#) sem eru aðgengileg á heimasíðu stofnunarinnar. Þau eru í fullri lengd og eru hugsuð fyrir nemendur og foreldra til að skoða og æfa sig í prófkerfinu. Jafnframt er gagnlegt fyrir kennara að kynnast kerfinu, setja upp veflása og fleira.

Við minnum skólastjórnendur á að mikilvægt er að uppfæra skráningu nemenda og kennara í bekk í [Skólagátt tímanlega fyrir prófin](#)

Skrá þarf stuðningsúrræði og undarþágur nemenda fyrir miðnætti mánudaginn 25. febrúar í [Skólagátt](#). Eyðublöð fyrir [umsóknir](#) um stuðningsúrræði og undanþágur má finna á heimasíðu stofnunarinnar.

Nánari upplýsingar um könnunarprófin má sjá hér: <https://mms.is/samraemd-konnunarprof>

Síðar munu berast fleiri bréf til skólastjóra, og eins mun stofnunin senda skólastjórum bréf sem ætluð eru nemendum 9. bekkjar og foreldrum/forráðamönnum þeirra. Ef þröf er á frekari upplýsingum á þessu stigi er hægt að senda fyrirspurnir á netfangið prof@mms.is.

Með kveðju,
Sverrir Óskarsson,
Sviðsstjóri matssviðs.